

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 23. mars 2023
UST202303-153/A.Þ.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 - Brúnir 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 fyrir verslunar- og þjónustusvæðið Brúnir 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að hækka byggingarmagn svæðisins, sem er 1,6 ha og er við vegamót Suðurlandsvegar og Landeyjahafnarveggar, úr 340 m² í 700 m².

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á náttúruminjaskrá nr. 719 og kallast *Tjarnir og Tjarnarnes*, en á svæðinu er mólendi og votlendi og mikið fuglavarp. Svæðið flokkast einnig sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Stofnunin bendir á að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum utan þéttbýlis falla í B-flokk 1. viðauka laga nr. 111/2021 og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar mun breytingin aðallega hafa sjónræn áhrif en 700 m² bygging við Hringveginn verður mjög áberandi í flötu landslaginu. Því er mjög mikilvægt að framkvæmdir falli sem best að svipmóti lands og að við litaval veggflata og ákvörðun um hæð bygginga verði taka tillit til ásýndar. Í skipulaginu ætti að setja kröfur um þetta.

Umhverfisstofnun telur að sveitarfélagið ætti að skoða í heild áhrif þjónustumiðstöðva fyrir ferðamenn á þessu svæði en nú þegar er fyrirhugað að byggja þjónustuhús fyrir ferðamenn við Seljalandsfoss og Seljaland. Meta þarf áhrif á sjónrænt gildi Eyjafjalla, Sléttunnar sunnan Hringveggar og Vestmannaeyja. Svæðið einkennist af fallegu landslagi og telur stofnunin mikilvægt að staðið sé vörð um það.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur